



Reykjavík 4. apríl 2002

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10

Alþingi  
Erindi nr. P 127/1940  
komudagur 18.4.2002


Háskólinn í Reykjavík fagnar frumvörpum um vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun. Við teljum framtíð okkar Íslendinga best borgið með áherslu ríkisstjórnar og Alþingismanna á menntun og rannsóknir. Umrædd frumvörp eru:

- 549. mál, Um opinberan stuðning við vísindarannsóknir
- 553. mál, Um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins
- 539. mál, Um Vísinda- og tækniráð

Eftirfarandi eru athugasemdir frá Háskólanum í Reykjavík (HR).

1. Skipulagsbreytingar sem frumvarpið um Vísinda- og tækniráð gerir ráð fyrir miða að því að færa umfjöllun um málefni vísinda og þróunar á "efsta stig stjórnsýslunnar." Slík tilfærsla er líkleg til að stuðla að framgangi vísinda og tækni *ad því tilskyldu* að nægu fé verði varið til þessara mála.
2. Nauðsynlegt er að hámarka nýtingu opinbers fjármagns til vísinda og þróunar með því að tryggja að því sé úthlutað á faglegum grundvelli. Til þess að svo megi vera, er skynsamlegt að sem stærstum hluta fjármagnsins verði úthlutað á samkeppnisgrundvelli, til dæmis í gegnum opna sjóði. Í kjölfarið þarf að tryggja skilvirkni með þjónustusamningum, þar sem árangur er metinn.
3. Hlutverk Tækniþróunarsjóðs sem fjallað er um í frumvarpi um opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins er skilgreint í 4.gr. framvarpsins sem svo að hann eigi að „styðja tækniþróun og nýsköpun í íslensku atvinnulífi og tengdar rannsóknir". Í samræmi við þetta er æskilegt að breyta nafni sjóðsins til dæmis í „Þróunarsjóð", þar sem nýsköpun þarf ekki að fela í sér tækni í hefðbundnum skilningi þess orðs. Einnig þarf að gæta þess að við skipun stjórnar sjóðsins verði ekki aðeins leitað til fulltrúa iðnaðarins. Slíkt jafngildir því að lýsa yfir að nýsköpun eigi sér eingöngu stað í iðnaði.
4. Í frumvörpunum þremur sem hér um ræðir er gert ráð tveimur þjónustumiðstöðvum, Nýsköpunarmiðstöð og Þjónustumiðstöð vísindarannsóknna. Nauðsynlegt er að skoða til hlítar möguleikann á því að sameina þessar miðstöðvar. Slíkt kæmi annars vegar í veg fyrir óæskilegan aðskilnað rannsókna og þróunar og hins vegar myndi sú einföldun sem af slíkri sameiningu hlyst auka líkur á því að afrakstur rannsókna og þróunar nýttist í nýsköpun, og að nýsköpun leiddi til rannsókna og þróun. Miðstöðin gæti heitið „Þjónustumiðstöð rannsókna og nýsköpunar", líkt og tillaga HÍ gerir ráð fyrir, eða „Þjónustumiðstöð rannsókna og þróunar" (research and development).
5. Háskólinn í Reykjavík telur mikilvægt að horfa til þeirra landa (auk Finnlands) sem á undan okkur hafa gert árangursríkar breytingar til að efla vísinda- og nýsköpunarstarfsemi, sérstaklega til að læra um bestu leiðir. Greina þarf það sem hefur reynst vel en einnig er mikilvægt að vita um það sem ber að varast.
6. Háskólinn í Reykjavík leggur áherslu á að eiga fulltrúa í Vísinda- og tækniráði og mælir með því að fulltrúum frá háskólastofnunum verði fjölgað.

Virðingarfyllst,

  
Guðfinna S. Bjarnadóttir, rektor  
Háskólinn í Reykjavík